

Frístundaskólinn

Í Stóru-Vogaskóla er boðið upp á Frístundaskóla fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og starfar hann frá kl: 13:00 til 17.00, (16:00 á föstudögum).

Umsjónarmaður Frístundaskólans 2019-2020 er Ásdís Dröfn Valdimarsdóttir og aðrir starfsmenn eru Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir og Elva Björk Guðmundsdóttir
Símanúmer Frístundar: 855-6225 / 440-6225 frá 15:00-17:00 (asdis@vogar.is)
Símanúmer ritara skólans: 440-6250 frá 7:40-15:30 (ritari@vogar.is)
Símanúmer Sveitafélagsins Voga 440-6200 (skrifstofa@vogar.is)

- Í Frístundaskólanum er skipulögð dagskrá þar sem hugað er að frjálsum leik, útivist, listum, fræðslu og hreyfingu.
- Nemendur fá síðdegishressingu sem er útbúin af starfsfólki Frístundar í Tjarnarsal milli kl:14:00-14:30.
- Frístundaskólinn er staðsettur bæði í skólanum og í félagsmiðstöð Borunnar við hliðina á sund og íþróttamiðstöð Voga að Hafnargötu 17.
- Nemendur verða í skólanum frá 13:00-15:00 og síðan frá 15:00-17:00 upp í Félagsmiðstöð .
- Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef börnin forfallast, til starfsmanns Frístundar eða ritara skólans.
- Frístundaskólinn starfar einnig á svokölluðum skertum nemendadögum en er lokaður á starfsdögum og í vetrarleyfum skólans, t.d. jóla-, páska- og vetrarfríi.
- Þegar sótt er um dvöl í Frístundaskólanum þarf að fylla út umsókn rafrænt í gegnum [íbúagátt](#) sveitafélagsins eða hafa samband við skrifstofu sveitafélagsins í síma: 440-6200. Sótt er um fyrir hvert skólaár í senn. Ef vistunartíma er breytt skal gera það fyrir 15. hvers mánaðar, sama á við þegar um uppsögn er að ræða. En það fer einnig í gegnum íbúagáttina.
- Tilkynna þarf sérstaklega, til umsjónarmanns Frístundar eða ritara skólans, um íþrótt- og tómstundastarf sem barnið þarf að sækja innan tíma frístundar.

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga sér um innheimtu gjalda fyrir Frístundaskólann, inn á [heimasíðu sveitafélagsins](#) má sjá verðskrá fyrir gjaldárið.